

Mál nr. 107/2023 Birt: 06.06.2023

Drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Málefnasvið:

Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Umsögn um Drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-26 frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Hugvísindasvið Háskóla Íslands fagnar drögum að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu mikið rými íslenska sem annað mál og málefni innflytjenda almennt fá í áætluninni. Innflytjendum hefur fjölgað ört hér á landi á undanförunum þremur áratugum og leiða má að því líkur að nú eigi um fimmtungur landsmanna annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir þennan hóp og fyrir íslenskt samfélag að betur sé hugað að fjölbreyttu framboði á íslenskunámi fyrir innflytjendur.

Íslensk tunga stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum um þessar mundir. Eins og fram kemur í áætluninni hefur þetta birst með ýmsum hætti í íslensku samfélagi, þ.m.t. í íslenskum háskólum. (1) Íslenskukennsla fyrir innflytjendur og stöðumat á íslenskukunnáttu hefur oft verið ómarkvisst og nær illa til þeirra ólíku hópa sem þurfa á henni að halda, þeim sjálfum og íslensku samfélagi til skaða. Í þessu samhengi er þó mikilvægt að hafa í huga að greinin íslenska sem annað mál hefur verið stórefld á undanförunum árum og námsgreinin íslenska sem annað mál er fjölmennasta námsgreinin við Háskóla Íslands. (2) Ef litið er fram hjá íslensku sem öðru máli er háskólanám í íslensku og íslenskukennslu bæði takmarkað og brothætt; a.m.k. hafa nemendur í háskólanámi í íslensku verið óvenju fáir á síðustu árum. Þetta setur íslensku sem þjóðtungu í hættu. (3) Þótt máltækni hafi þróast ört undanfarin ár hefur hún takmarkast við fá rannsóknar- og þróunarsvið. Á undanförunum árum hefur þó verið hleypt af stokkunum nokkrum viðamiklum verkefnum þar sem máltækni hefur verið hagnýtt markvisst í þágu íslenskrar tungu.

Í verkefninu *Íslensku- og máltækniþjálfari*, sem er samstarfsverkefni fjögurra háskóla, nokkurra rannsóknastofnana og fræðslumiðstöðva víða um land, er miðað að því að svara þessum áskorunum en verkefnið er styrkt af HVIN-ráðuneyti í sérstakri áætlun ráðuneytisins til að efla samstarf milli háskóla. Í verkefninu er fengist við nokkur af þeim meginatriðum sem greint er frá í aðgerðaáætluninni og tengjast þau öll öflugum þróunar- og rannsóknastarfi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands og samstarfsaðila. Meginmarkmið kjarnans eru eftirfarandi (með tilvísunum í liði aðgerðaáætlunarinnar):

1. Unnið verði að því að bjóða upp á vandað fjarnám í íslensku fyrir innflytjendur (liður 1, 2, 5, 6, 14, 15, 17).
2. Stig evrópska tungumálarammans verði skilgreind og stöðluð fyrir íslensku (liður 3).
3. Komið verði á öflugum sameiginlegum fjarnámi á grunn- og meistarástigi í íslensku og íslenskukennslu með skilvirku flæði á milli íslenskunámskeiða við Háskólann á Akureyri og tvö fræðasvið Háskóla Íslands (liður 4).
4. Stuðlað verði að þróun og eflingu máltækni á Íslandi til lengri tíma. Nauðsynlegt sé að þróa nýtt þverfræðilegt samstarf háskóla, stofnana og fyrirtækja um rannsóknir og rannsóknarnám á sviðum með mikinn alþjóðlegan slagkraft (16).

Hér fyrir neðan eru athugasemdir við einstaka liði áætlunarinnar. Sem fyrr segir fagnar Hugvísindasvið þeim metnaði sem birtist í áætluninni. Það er þó áhyggjuefni að henni fylgir ekki kostnaðarmat en erfitt er að sjá hvernig ná megi helstu markmiðum áætlunarinnar nema með því að veita verulegu nýju fjármagni í málaflokkinn.

1. grein: Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu. Þar verður að teljast mikilvægt að leggja áherslu á starfstengt nám og starfstengdan orðaforða. Þó er nauðsynlegt að jafnvægi verði fundið milli sérhæfðari orðaforða og almenns orðaforða enda nær fólk aldrei að fóta sig í málsamfélaginu nema með því að ná valdi á algengustu orðum málsins. Háskóli Íslands ætti að vera samstarfsaðili í þessum lið, enda stendur hann nú þegar fyrir ýmsum tengdum verkefnum sem mætti þróa frekar.

Því er mikilvægt að stuðla að hagnýtu námi í íslensku almennt. Námsbrautin íslenska sem annað mál við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands hefur í samstarfi við fræðslustofnanir og önnur fræðasvið HÍ leitast við að koma til móts við fólk með ólíkar þarfir. Í því samhengi má nefna samstarf Menntavísindasviðs og Hugvísindasviðs HÍ um íslenskukennslu fólks í uppeldisgeiranum og sérstakt samstarf við Háskólann á Akureyri um bætt aðgengi innflytjenda að háskólanámi.

Þá mætti nýta orðaforðalausnir sem þegar eru til. Þar má nefna orðaforðalausn Háskóla Íslands, IceFlash 4K, sem er nú þegar aðgengileg, notendum að kostnaðarlausu. Hún kennir 4000 algengustu orð íslensku ásamt framburði, beygingum og merkingu í ensku, pólsku, úkraínsku og kínversku. Sérhæfing og tækniþróun sem þar er til staðar getur gert frekari þróun hagkvæmari en ella yrði og er hægt að byggja á grunnvinnu sem þessari til að þróa lausnir fyrir sérhæfðan orðaforða. Auk þess er mikilvægt að laga slíkar lausnir að fleiri tungumálum og hafa notendur m.a. kallað eftir því að fá þessa lausn fyrir spænsku og arabísku.

Þá er rétt að nefna að aukið aðgengi að íslenskunámi í gegnum vinnustaði krefst fjölda reyndra kennara og fjölbreytts kennsluefnis. Kennsla á vinnustöðum er almennt mun flóknari en hefðbundnari kennsla á ákveðnu færnistigi. Nemendahópurinn er á ólíkum færnistigum og nauðsynlegt er að laga námsefni að sérstökum aðstæðum hverju sinni. Til að hægt sé að hrinda þessari aðgerð í framkvæmd þarf hvort tveggja að stórefla menntun kennara í íslensku sem öðru máli sem og búa til fjölbreytt kennsluefni og gera það aðgengilegt. Réttast væri að hafa sérstaka liði í þessari aðgerðaáætlun um kennaramenntun annars vegar og námsefnisgerð hins vegar.

2. Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Aðgengi að íslenskukennslu fyrir innflytjendur er takmarkað og ójafnt hvort sem litið er til búsetu eða félagslegrar stöðu. Mikilvægt er að leggja áherslu á gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Til að gæðamælingar geti farið fram á upplýstum grundvelli þarf að tryggja fjármagn til rannsókna á íslenskukennslu og á annarsmálsfræðum. Eðlilega er stór hluti þess fjár sem varið er í háskólagreinina íslensku sem annað mál notaður í kennsluna sjálfa en það er forsenda upplýstrar gæðastjórnunar að rannsóknir á þessu sviði verði fjármagnaðar, bæði með því að fjölga rannsóknamiðaðum störfum á háskólastigi og með því að veita fé í tiltekin verkefni sem leggja mat á gæði kennslu. Þegar litið er til íslenskukennslu fyrir innflytjendur og rannsókna á annarsmálsfræðum á háskólastigi er þekkingin og reynslan eðlilega mest við Háskóla Íslands. Um 600 nemar eru skráðir í námskeið í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands hverju sinni. Eðlilegt væri að nefna Háskóla Íslands sérstaklega sem samstarfsaðila og tryggja nægt fjármagn til að hægt sé að hagnýta rannsóknir og þekkingu sem verður til innan Háskóla Íslands framhaldsfræðsluáðilum og málnefum til góðs.

3. Virkjun Samevrópska tungumálarammans. Skortur á stöðumati á íslenskukunnáttu hindrar innflytjendur í að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og leggja sitt af mörkum til þess. Til þess að unnt sé að meta hæfni fólks í íslensku með skilvirkum og nákvæmum hætti og tryggja gæði náms og samræmi milli skóla er nauðsynlegt að stig Samevrópska tungumálarammans verði skilgreind og stöðluð fyrir íslensku. Lýsing stiganna er einnig nauðsynleg til að mögulegt sé að þróa stöðluð próf í íslensku sem öðru máli. Nýlega voru lögð drög að samstarfsverkefni tveggja fræðasviða Háskóla Íslands (HUG og VON), Háskólans í Reykjavík og Árnastofnunar um að hanna hugbúnaðarlausnir sem hjálpa til við skilgreiningu stiganna í tungumálarammanum (A1-C2), með því að greina ólíkar textagerðir sem evrópski tungumálaramminn lýsir. Hér er m.ö.o. stefnt að því að nota annarsmálsfræði og aðferðir úr máltækni og gervigreind til að meta erfiðleikastig og málfærni. Takist vel til getur slík þróunarvinna verið grunnur að verðmætri útflutningsvöru í formi aðferða og

hugbúnaðar sem heimfæra má á önnur tungumál. Þessari vinnu var ætlað að byggjast á og styðja við hefðbundna lýsingu færnistiga Samevrópska tungumálarammans fyrir íslensku. Nauðsynlegt er að tryggja fjármögnun á lýsingu færnistiga, og virkjun rammans í kjölfarið, sem og fyrirsjáanleika við fjármögnun til að hægt sé að skipuleggja svo stórt verkefni.

4. Fjarnám í íslensku á BA-stigi. Það hefur verið verulegt áhyggjuefni hve BA-nemum í íslensku hefur fækkað á undanförunum árum. Nýlega var komið á samstarfi milli Hugvísindasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri með það að markmiði að vinna gegn þessari þróun, m.a. með því að bjóða upp á sameiginlegt fjarnám með skilvirku flæði á milli íslenskunámskeiða við HA og tveggja fræðasviða HÍ. Verkefnið fellur vel að áherslum í þingsályktunartillögum en fellur einnig að áherslum nýrrar ráðherranefndar um að efla markvissa málörvun barna í skólakerfinu á tímum hraðra tækni- og samfélagsbreytinga. Verkefnið kallar á: a) þróun námsaðferða, námskeiða og námsleiða sem falla að fjarnámi; b) aðlögun námsgagna að fjarnámsumhverfi og samningu nýs námsefnis, m.a. um málörvun barna.

5. Sameiginlegt fjarnám í íslensku sem öðru máli. Sem fyrr segir er aðgengi að íslenskukennslu fyrir innflytjendur takmarkað og ójafnt hvort sem litið er til búsetu þeirra eða félagslegrar stöðu. Með öflugra fjarnámi í íslensku sem öðru máli mætti vinna gegn því ójafnræði sem ríkir milli ólíkra hópa innflytjenda. Nýlega var komið á samstarfi milli fjögurra háskóla um að þróa slíkt fjarnám sem mun hefjast í haust en tryggja þarf fjármögnun til lengri tíma.

6. Háskólabrú fyrir innflytjendur. Það er mikilvægt viðfangsefni að opna fleiri innflytjendum leiðir í háskólanám en ljóst er að mun færri innflytjendur ljúka framhaldsskólanámi og hefja nám í háskóla en íslenskir jafnaldrar þeirra. Háskólar hafa brugðist við þessum vanda og nýlega fengust nokkrir styrkir frá HVIN-ráðuneytinu sem er ætlað að greiða leið innflytjenda til háskólanáms. Þar má nefna verkefni sem leitt er af Háskólanum á Akureyri sem ætlað er að hanna undirbúningsnámsleið fyrir innflytjendur og flóttamenn á Íslandi en það verkefni er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands. Verkefni sem ætlað er að stuðla að bættari íslenskukennslu fyrir innflytjendur, m.a. með fjarnámi, er svo leitt af Háskóla Íslands (sjá athugasemdir við lið 5). Rétt er að nefna að einnig er gerð krafa um enskukunnáttu í nær öllu háskólanámi á Íslandi. Nauðsynlegt er að þróa leiðir til að auðvelda innflytjendum að ná þeirri enskufærni sem er krafist. Einnig er nauðsynlegt að búa til staðlaðar háskólabrýr sem veita almennan aðgang að háskólanámi, fyrir innflytjendur sem ekki hafa ígildi stúdentsprófs.

7. Viðhorf til íslensku

Mikilvægt er að sem flestir úr háskólasamfélaginu komi að rannsóknum á viðhorfum til íslensku og að fjölbreyttri aðferðafræði verði beitt við að meta viðhorf málnotenda enda gefa ólíkar aðferðir ólíka innsýn í viðhorfin. Byggja þarf á ýmsum fyrri rannsóknum á viðhorfum til íslensku. Sérstaklega þarf að huga að viðhorfum til íslensku í tækniheiminum og þá sérstaklega til íslenskrar máltækni og væntinga sem málnotendur hafa til hennar. Einnig þarf að gera stóráttak í því að kanna viðhorf annarsmálshafa og innflytjenda sem ekki tala íslensku. Þá er mikilvægt – þegar viðhorf til íslensku eru könnuð – að slík könnun hafi það að markmiði að afla upplýsinga sem nýtast við frekari mótun málstefnu og síðari aðgerðaáætlana þannig að aðgerðir þjóni málnotendum.

8. Mikilvægi lista og menningar. Þýðingar gegna veigamiklu hlutverki í að viðhalda og efla lista- og menningarlíf landsmanna á íslensku og þess vegna er mikilvægt að þýðingar og þýðingarfræði séu sérstaklega tilgreind í þessum lið. Einnig er mikilvægt að minnast á annarsmálshafa í þessum lið, en gera þyrfti gangskör að því að gera íslenskar bókmenntir aðgengilegri þeim hópi, t.d. með einfölduðum útgáfum og orðskýringum.

10. Íslenskugátt. Þó að e.t.v. sé hagkvæmt að hér sé í einhverjum skilningi til ein gátt fyrir upplýsingar um íslensku er ástæða til að sérsníða hana að þörfum ólíkra hópa. Þannig mætti t.d. hugsa sér

sérstakt viðmót fyrir almenna málnotendur, annað fyrir ungt fólk, það þriðja fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál og það fjórða fyrir fyrirtæki og stofnanir sem þróa máltæknilausnir. Þarfir þessara hópa skarast að einhverju leyti en eru einnig ólíkar. Þetta má hugsa svipað og t.d. bandaríska fjölmiðil sem er með eina forsíðu fyrir bandaríska lesendur en aðra forsíðu fyrir alþjóðlega lesendur, o.s.frv.

11. Öflug skólasöfn. Þó að í þessu samhengi sé vitanlega lögð megináhersla á íslensku og íslensk gögn þá hefur það þýðingu bæði fyrir íslensku og nýja málhafa íslenskunnar að til sé efni á öðrum málum. Einkum er mikilvægt að börn innflytjenda geti sótt bækur á sínu móðurmáli á skólasafn og að sömu bækur séu í einhverjum tilvikum til bæði á íslensku og öðrum móðurmálum skólans. Það getur stutt við íslenskukunnáttu og almenna málfærni barnanna.

12. Vefgátt fyrir rafræn námsgögn. Mikilvægt er að hugað verði að leyfismálum varðandi rafrænt námsefni. Æskilegt væri að námsefni væri að nokkru leyti í opnum aðgangi svipað og gilt hefur um afurðir Máltækniáætlunar til þess að tryggja aðgengi bæði notenda og þeirra sem vilja búa til afleiddar lausnir og gögn.

13. Samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu. Hér væri rétt að nefna einnig móðurmálskennslu enda styður hún við almenna málfærni barna. Í því samhengi væri ástæða til að tiltaka Móðurmál - samtök um tvítýngi og fjöltýngi, sem samstarfsaðila.

14. Efling íslenskuhæfni starfsfólks í leik- og grunnskólum og frístundastarfi. Þetta er mjög mikilvægt viðfangsefni sem snýr bæði að framtíð íslenskunnar og möguleikum innflytjenda til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Í sumum leik- og grunnskólum eru nemendur með annað móðurmál en íslensku fleiri en þeir sem tala íslensku heima. Kennarar og annað starfsfólk skóla leika því lykilhlutverk í að tryggja öllum börnum jafnan aðgang að íslensku máli og um leið að íslensku samfélagi. Tryggja þarf að kennaranemar fái staðgóða kennslu bæði í íslensku og í tvítýngis- og annarsmálsfræðum.

15. Samþætting íslensku og erlendra móðurmála á grunnnámskeiðum starfsfólks í heilbrigðis-, félags- og umönnunargreinum. Þótt vissulega megi gera kröfur um að allir innflytjendur hafi gott aðgengi að íslenskunámi, gefur auga leið að mikil þörf er fyrir sérhæfð íslenskunámskeið fyrir fólk í heilbrigðis-, félags- og umönnunargeiranum. Reyndar ætti að bæta menntageirum hér við en í ljósi mikillar fjölgunar barna af erlendum uppruna er nauðsynlegt að fjölga starfsfólki af erlendum uppruna í þeim geira.

Í þessum lið þarf þó að greina betur á milli íslenskunámskeiða og faglegra grunnnámskeiða. Í íslenskunámskeiðum eru engin augljós rök fyrir því að tengja almenna kennslu við móðurmál starfsfólks/nemenda, nema ef vera skyldi fagtengda orðalista. Í faglegum grunnnámskeiðum er þó vel til fundið að nýta móðurmál starfsfólks/nemenda enda þurfa annarsmálshafar fyrst að hafa almenna færni í málinu áður en þeir geta sótt fagleg námskeið á sínu sérsviði. Í raun er öll tenging við móðurmál óþörf í íslenskunáminu sem slíku, ef nemendur fá stuðning í faglegum námskeiðum.

16. Framtíð máltækni. Því ber að fagna að áhersla sé á börn, ungmenni og fólk með annað móðurmál en íslensku í stefnu um framtíð máltækni á Íslandi. Hér er þó einnig brýnt að fjármagn verði sett í að rannsaka ýmiss konar hættu sem fylgir máltækni og gervigreind í samhengi við íslenska tungu, m.a. bjaga þar sem hallar á konur. Einnig þarf fjármagn til þess að búa til mælitæki og ramma til að meta slíka bjaga og gæði máltæknilausna almennt, svo að fyrirtæki og stofnanir sem taka við máltæknilausnum, sem og endanotendur, geti fengið betri skilning á því hvers kerfin eru megnug og að hvaða leyti beri að varast afurðir þeirra. Til dæmis hafa rannsóknir sýnt skýrar vísbendingar um að vélþýðingar á íslensku þýða frekar jákvæð orð með íslenskum orðum í karlkyni en neikvæð orð með orðum í kvenkyni. Fylgjast þarf með þessu, líkt og fleiri svipuðum eiginleikum, og það verður ekki gert án þess að fjárfest verði í þeirri vinnu. Þetta atriði tengist líka barnavernd því að samskipti við vélræn

spjallmenni munu fara vaxandi á næstu árum og brýnt er að hafa skilning á eiginleikum þeirra véla sem tala við börn. Kanna þarf hvort þær segi eitthvað við börnin sem þær ættu ekki að gera – og þá hvernig megi bregðast við og bæta vélarnar eða takmarka aðgengi barna að þeim. Hér væri ástæða til að minnast sérstaklega á Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem samstarfsaðila, en þar fer fram mjög öflugt starf á sviði máltækni (í Háskóla Íslands bæði á Hugvísindasviði og Verk- og náttúruvísindasviði).

17. Íslenska handa öllum. Hér er mikilvægt er að hugað verði betur að orðalagi. Af inngangssetningunni er ekki ljóst til hverra verði gerðar kröfur. Það hlýtur að vera hlutverk íslensks samfélags að veita innflytjendum stuðning í íslenskunámi en gera ekki íþyngjandi kröfur til innflytjendanna sjálfra um að sækja sér nám. Það væri til lítils ef ekki er til þess nægur stuðningur og hvatning frá málsamfélaginu sjálfu, frá stjórnvöldum, fyrirtækjum og einstaklingum sem eiga íslensku að móðurmáli.